

Alþingi
Erindi nr. P/22/2/33
komudagur 4.5.'98

Félagsmálanefnd Alþingis
Kristín Ástgeirsdóttir

F.h Búseta vil ég lýsa yfir ánægju okkar með fjölmargar breytingar sem orðið hefur á frumvarpi um húsnæðismál.

1. Í uphaflegu frumvarpi var Búseti útilokaður sem valkostur í húsnæðismálum. Vafalítið ekki meðvitað, en nú hefur orðalagi víða verið bætt og breytt þannig að félagið hefur lánsrétt.

2. Af einhverjum ástæðum hefur ekki ennþá tekist að koma inn hugtakinu BÚSETURÉTTI, heldur er aðeins talað um leiguíbúðir og leiguíbúðir með kauprétti. Þetta kann að hljóma sem smáatriði í augum þeirra sem ekki til þekkja. En munurinn á réttarstöðu fólks í leiguíbúð og búseturéttaríbúð er eins og dagur og nótt. Því er það mjög mikilvægt að kalla hlutina réttu nafni. (sjá breytigu við 40. gr. sem verður 37. gr.)

3. Það er mjög jákvætt að opna fyrir möguleika annara en einstaklinga að taka almenn lán. Það væri þó nauðsylegt að skoða annað hvort að ákvæði um viðbótarlán eigi við eða hvort félag eigi rétt á 90% almennu láni eins og í dag. Sá lánaflokkur hefur gefist mjög vel hjá okkur.

4. Mjög gott að stimpilgjöld eru úr sögunni

5. Mjög gott að opna fyrir launs á vanda félagasamtaka hjá ÖLLUM lántakendum Íbúðalánasjóðs.

6. Tryggingasjóðurinn er enn mjög óljós. Í honum eru lögbundinn varasjóðsframlög félagsins. Hvers vegna er ekki Búseta falin umsjón síns varasjóðs! Reglur um framlög geta verið með sama hætti og nú að hluta. En hver getur svarað hvað sé byggingagalli og hve lengi þeir eru að koma í ljós? Framlög úr þessum sjóð fram að þessu eru varla teljandi þrátt fyrir fjölmörg dæmi um byggingagalla!

Búseti óskar góðu samstarfi við félagsmálanefnd og þingmenn alla við alla umræðu um húsnæðismál.

með kveðju

Gunnar Jónatansson, framkvæmdastjóri